

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja frú Önnu Valdimarsdóttur, Stekkum, Sandvíkurhreppi, jörðina Eystra-Stokkseyrarsel og þann hluta Vestra-Stokkseyrarsels, sem hún hefur nú til afnota.

## 2. gr.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið af þremur mönnum, sem sýslumaður Árnessýslu dómkveður.

## 3. gr.

Þurfi ríkið eða ríkisstofnanir á lóð eða landspildu að halda úr hinum seldu jörðum, á það rétt á að fá hana keypta við sama verði hlutfallslega eins og Önnu var gert að greiða fyrir jarðirnar.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 17. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, bætist tvær nýjar mgr., sem verða 2.—3. mgr., svo hljóðandi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla